Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 44/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

Málavextir eru þeir, að í nóvembermánuði 1972 keypti Húsmæðrafélag Reykjavíkur hluta fasteignarinnar nr. 9 við Baldursgötu í Reykjavík. Reykjavíkurborg hefur lagt fasteignaskatt á fasteign þessa, og af því tilefni ritaði félagið borgaryfirvöldum bréf, dags. 29. júní 1973, þar sem mælst er til þess, að viðurkennd verði undanþága til handa félaginu frá greiðslu fasteignagjalda. Á fundi borgarráðs hinn 10. júlí 1973 var tilmælum þessum hafnað.

Ofangreindu máli hefur Húsmæðrafélag Reykjavíkur skotið til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 31. júlí 1973, og óskað úrlausnar Yfirfasteignamatsnefndar um skyldu félagsins til greiðslu fasteignaskatts. Er því haldið fram, að um félagsheimili sé að ræða, þar sem húsnæðið sé notað fyrir starfsemi félagsins, er sé fólgin í fundahöldum, námskeiðum og sýnikennslu, og eigi því við undanþáguákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Tekið er fram, að félagið sé ekki fjáröflunarfélag.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari breytingum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, fullnægir umrædd húseign ekki þessu skilyrði, og brestur því lagaheimild fyrir undanþágu frá fasteignaskatti.

**Ú R S K U R Ð A R O R Ð :**

Húsmæðrafélagi Reykjavíkur er skylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 9. við Baldursgötu í Reykjavík.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson | Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.
Reykjavík, 29. október 1973.

f.h.
Valdimar Óskarsson